



Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur („Barnavernd Reykjavíkur“) veitir aðila máls fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar í samræmi við 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Að jafnaði skal veittur fjárstyrkur til lögmannsaðstoðar áður en úrskurður er kveðinn upp í barnaverndarmáli.

2. gr.

Viðmið um greiðslu fjárstyrks eru eftirfarandi.

Umdæmisráð

Viðmiðin gera ráð fyrir að í þeim felist undirbúningur fyrir fund umdæmisráðs með skjólstæðingi, mæting á fund, ritun greinargerðar sem skilað er til umdæmisráðs og kynning á niðurstöðum úrskurðar fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Forsjársvipting	12 – 15
Vistun utan heimilis	8 - 12
Umgengni í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengni lýtur að tímabili sem er skemmra en 12 mánuðir	5 – 8
Umgengni í varanlegu fóstri til 12 mánaða	8 - 12

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Viðmiðin gera ráð fyrir gerð kæru, samskiptum við úrskurðarnefnd og Barnavernd Reykjavíkur og kynningu á úrskurði fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Umgengni í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengni lýtur að tímabili sem er skemmra en 12 mánuðir	5 - 7
Umgengni í varanlegu fóstri til 12 mánaða	7 – 10

Hámarkstímagjald tekur mið af tímagjaldi samkvæmt leiðbeinandi reglum Dómstólasýslunnar um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl.

Fjárhæð styrks skv. fyrrgreindu skal að öðru leyti metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins.



Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns. Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar vegna ferðalaga og/eða ferðatíma lögmannna á fundi umdæmisráðs eða hjá Barnavernd Reykjavíkur. Ekki er veittur styrkur vegna prentunar málgagna. Þá er ekki veittur styrkur vegna samskipta aðila við lögmann, önnur en nauðsynleg eru í tengslum við málsmeðferð fyrir umdæmisráði og úrskurðarnefnd, nema starfsmaður hafi sérstaklega óskað eftir að lögmaður taki þátt í samskiptum.

Almennt er ekki veittur fjárstyrkur til aðila sem er með árstekjur meira en 8 milljónir. Sé viðkomandi í hjúskap eða sambúð skal miða við samanlagðar árstekjur upp á kr. 12 milljónir.

3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð er háður því skilyrði að lögmaður hafi leyfi til að flytja mál fyrir héraðsdómi, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmennt.

4. gr.

Lögfræðingar Barnaverndar Reykjavíkur afgreiða umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Beiðni um fjárstyrk skal fylgja tímaskýrsla lögmanns og skal hún send á Barnavernd Reykjavíkur, t.a.m. með tölvupósti á barnavernd@reykjavik.is.

5. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferð Barnaverndar Reykjavíkur / umdæmisráðs og þeim lögönnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 2023 og miðast við þá vinnu sem innt er af hendi frá gildistöku þeirra. Upphæð styrkjar hverju sinni er miðuð við þann tíma sem vinnan var veitt af hendi.

F.h. Barnaverndar Reykjavíkur

Katrín Helga Hallgrímsdóttir,
Framkvæmdastjóri